



Hreppsnefnd 01.02.07

Hreppsnefndarfundur; fimmtudaginn 1. febrúar 2007
Miklagarði kl. 16.00.

Mætt til fundar: Aðalbjörn Björnsson, Anna Pála Víglundsdóttir, Björn Halldórsson, Borghildur Sverrisdóttir, Einar Víglundsson, Guðrún Anna Guðnadóttir, Ólafur Ármannsson.

Einnig mættir: Þorsteinn Steinsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál Fundargerð hreppsnefndar frá 18. janúar sl.
Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 18. janúar sl.
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

2. mál Fundargerð hafnarnefndar frá 31. janúar 2007.
Lögð fram fundargerð hafnarnefndar frá 31. janúar sl.

Oddviti lagði til að umræðan um lóðamál Hampiðjunnar yrði tekin fyrir undir næsta máli sem væri bréf Hampiðjunnar um lóð á hafnarsvæðinu.

Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs undir 3. tl. fundargerðarinnar "Tillögur I-III að landfyllingum". Skýrði hann fyrirliggjandi tillögur að landfyllingum og gerði síðan grein fyrir tillögu hafnarnefndarinnar varðandi þessi mál.

Jafnframt greindi hann frá viðræðum um þessi mál við Siglingastofnun og Hagtak h/f, sem vinnur að þeim fyllingum sem þegar hefur verið samið um. Á fundi þessara aðila var samþykkt að láta reikna nákvæmlega kostnaðaraukann frá núverandi fyllingum. Verktakinn og Siglingastofnun vinni það saman.

Nokkur umræða var um þetta mál og voru menn sammála að ekki væri ástæða til að fara í meiri landfyllingu en þörf væri, að svo komnu máli, þar sem um þó nokkurn kostnað væri að ræða.

Samþykkt að vísa málinu aftur til hafnarnefndar þar sem farið yrði annað hvort að tillögu III eða eins og þegar er ráðgert, sé ekki þörf á frekari landfyllingu vegna væntanlegrar lóðar Hampiðjunnar.

Jafnframt er málinu vísað til skipulags- og bygginganefndar til umfjöllunar.

Fundargerð hafnarnefndar að öðru leyti samþykkt.

3. mál Bréf Hampiðjunnar, þar sem óskað er eftir lóð.

Lagt fram bréf Hampiðjunnar dags. 23. janúar sl., þar sem óskað er eftir lóð undir netaverkstæði á svæði Vopnafjarðarhafnar.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu.

Fundarmenn lýstu ánægju sinni með umsókn Hampiðjunar.

Hreppsnefnd tekur undir tillögu hafnarnefndar um úthlutun lóðar til Hampiðjunnar. Erindinu vísað til skipulags- og bygginganefndar með þeim tilmælum að fundin verði besta staðsetning slíkrar lóðar með tilliti til óska fyrirtækisins og skipulags á svæðinu.

Endanleg lóðarveiting verði afgreidd í framhaldi.

4. mál. Bréf Minjasafnsins á Bustarfelli dags. 16. janúar sl., varðandi styrk.

Lagt fram bréf Minjasafnsins að Bustarfelli, varðandi styrk dags. 16. janúar sl. Sveitarstjóri gerði grein fyrir því að á fjárhagsáætlun ársins hefði verið áætlað fyrir sambærilegu framlagi og var á

síðasta ári til safnsins.

Hreppsnefnd samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að gera samkomulag við safnið varðandi ráðstöfun framlagsins.

5. mál. Bréf Handverkshússins Nema hvað?, dags. 26. janúar sl., varðandi rekstur Kaupvangs. Lagt fram bréf Handverkshússins Nema hvað? dags. 26. janúar sl., varðandi rekstur á Kaupvangi.

Oddviti óskaði eftir því að undir þessum lið yrði einnig fjallað um erind Nýs Afls frá 29. janúar sl., sem var samþykkt. Hann kynnti síðan fyrirleggjandi bréf Nýs Afls. Síðan gerði hann nánari grein fyrir stöðu mála varðandi Kaupvang.

Fundarmenn voru allir sammála um að í Kaupvangi væri góð aðstaða til margvíslegrar menningarstarfsemi. Margt hefur verið reynt til þess að efla stafsemi í húsinu. Meðal annars hefur verið auglýst eftir rekstraraðilum, ýmsum félagasamtökum boðið að vera með uppákomur af ýmsu tagi og margvíslegir menningarviðburðir verið haldnir í húsinu. Jafnframt hefur verið rekin upplýsingamiðstöð í húsinu nokkur sumur.

Eina félagið sem hefur fengið úthlutað fastri aðstöðu í húsinu er Vesturfarinn, sem hefur umráð yfir einu herbergi á neðri hæð hússins. Önnur félög hafa fengið neitun um fasta aðstöðu.

Ávallt hefur verið tekið mjög jákvætt í það að leyfa félagasamtökum að vera með mismunandi uppákomur í húsinu og hefur það oft á tíðum lífgað verulega upp á tilveruna. Samþykkt samhljóða tillaga oddvita um tveggja manna starfsnefnd fulltrúa meiri- og minnihluta sem vinni með sveitarstjóra og menningarfulltrúa viðvíkjandi framtíðarrekstur Kaupvangs. Menningarmálafulltrúi kanni jafnframt áhuga félagasamtaka í sveitarfélaginu á að nýta Kaupvang með einhverju slíku sniði, sem að ofan greinir.

6. mál Bréf Nýs Afls móttékið 29. janúar sl., varðandi framtíðarnýtingu Kaupvangs. Um þetta bréf var fjallað undir tl. 5 hér að ofan.

7. mál Bréf Mávahlíðar ehf. dags. 16. janúar sl. varðandi fyrirhugaðan rekstur fyrirtækisins. Ólafur Ármannsson vék af fundi undir afgreiðslu þessa liðar.

Lagt fram bréf Mávahlíðar ehf. dags. 16. janúar sl. varðandi hugmyndir fyrirtækisins um þjónustu við ferðafólk.

Hreppsnefnd fagnar hugmyndum fyrirtækisins um rekstur af þessu tagi og mun hér eftir sem hingað til reyna sem kostur er að liðka fyrir framgangi málsins. Sérstaklega er forsvarsmönnum fyrirtækisins bent á að ræða við atvinnumálafulltrúa sveitarfélagsins með sérstök úrlausnarefni, svo sem bréfaskriftir og styrkbeiðnir.

Ólafur Ármannsson mætti aftur á fundinn.

8. mál Ýmis bréf og fundargerðir:

a) Bréf Lánasjóðs sveitarfélaga dags. 22. janúar sl., varðandi hækkun vaxta. Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:15.